

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hún verði staðfest.

Aðalskipulagsuppráttur Hólmavíkur er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 19. nóvember 1986 breytist því í samræmi við ofangreint.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## REGLUGERÐ

**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Í Héraðsflóa, frá og með 1. september 1988 til og með 31. desember 1988, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar frá og með 1. október 1988 til og með 31. desember 1988, norðan 65° og utan fjögurra sjómíla frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1988 til og með 31. desember 1988, utan línu, sem dregin er 8 sjómílu utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988—1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. ágúst 1988.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*